

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 78 – 05.12.2006

Þriðjudaginn 5 desember, árið 2006, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Vatnsgjald 2007
2. Fjárhagsáætlun 2007.
3. Framtíðaráætlun hitaveituframkvæmda í Skagafirði.
4. Seðilgjald.
5. Skýrsla Samorku með leiðbeiningum um gerð viðbragðsáætlunar veitufyrirtækja vegna farsóttar.
6. Önnur mál.
 1. Kynningarbæklingur.

AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samþykkt að vatnsgjald verði 0,14% af álagningarstofni fasteignamats. Lágmarksgjald skal vera pr. rúmmetra kr. 26,00 og hámarksgjald pr. rúmmetra kr. 30.00.
2. Páll Pálsson lagði fram fjárhagsáætlun Skagafjarðarveitna fyrir árið 2007. Tekjur áætlast: 166.319.000.- Gjöld: 152.639.000.- Handbært fé frá rekstri er 13.680.000.- og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 180.810.000.- Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir framlagða áætlun.
3. Lagðar fram hagkvæmisútreikningar frá Kristjáni Jónassyni endurskoðenda hjá KPMG á Sauðárkróki vegna hitaveituframkvæmda á Hverhólasvæðinu og Dalsplássi.
4. Samþykkt að innheimtugjald verði 100 kr. án/vsk á alla notendur til að mæta raunkostnaði við innheimtuna, síðan bætist 100 kr. til viðbótar á seðla sem sendir eru í pósti.
5. Lögð fram kynningar Viðbragðsáætlun vegna farsóttar "Stöðuskýrsla" gefin út af Samorku í október 2006.

6. Önnur mál.

1. Samþykkt að gefa út kynningarbækling fljótlega eftir áramót um starfssemi og fyrirhugaðar framkvæmdir Skagafjarðarveitna ehf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.45

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Dagbjartsson (sign)

Pétur Valdimarsson (sign)

Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.